

Hafnarfjarðarbær
bt. Umhverfis- og skipulagssvið
Norðurhella 2
221 Hafnarfjörður

07.12.2020
2020-12-19/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um skipulags- og matslýsingu fyrir endurskoðun Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2020

Á heimasíðu Hafnarfjarðar er auglýst skipulags- og matslýsing fyrir endurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar. Fram kemur að óskað sé umsagna Landsnets auk annarra aðila og að umsögnin skuli berast eigi síðar en 7. desember 2020.

Landsnet hefur kynnt sér auglýsta skipulags- og matslýsingu. Hlutverk Landsnets er samkvæmt lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Í kafla 2 eru forsendur endurskoðunar tilgreindar en flutningskerfi raforku er þar ekki á meðal. Raflínur og strengir eru tilgreind sem áhrifaþættir í matslýsingu í kafla 3.1.

Samkvæmt skipulagsreglugerð skal í aðalskipulagi gera grein fyrir og marka stefnu um stofnkerfi rafveitu og helgunarsvæði þeirra. Upplýsingar um skipulag og framkvæmdir við háspennulínur er að finna í leiðbeiningabæklingnum *Háspennulínur – aðgát skal höfð*, sem er að finna á heimasíðu Landsnets.¹ Landsnet bendir jafnframt á að mikilvægt er að stefnumörkun um raforku í aðalskipulagi taki mið af Kerfisáætlun Landsnets hverju sinni og að auki stefnumörkun stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins og lagningu raflína.²

Til áréttingar bendir Landsnet á að mikilvægur hluti núverandi flutningskerfis fyrirtækisins liggur innan marka sveitarfélagsins og samanstendur af eftirfarandi:

- Búrfellslína 3b - 220 kV loftlína
- Hamraneslínur 1 og 2 - 220 kV loftlínur
- Ísallínur 1 og 2 - 220 kV loftlínur
- Suðurnesjalína 1 - 132 kV loftlína
- Hnoðraholtslína 1 - 132 kV loftlína og jarðstrengur
- Hafnarfjarðarlína 1 og 4 - 132 kV jarðstrengir
- Hamranes tengivirki
- Ísal tengivirki
- Öldugata tengivirki

Í kafla 1.3 er fjallað um viðfangsefni endurskoðunarinnar og eru þau meðal annars *sambætting við aðrar áætlanir*. Í kafla 5.5.1, sem er í viðauka, er fjallað um Kerfisáætlun Landsnets og þær framkvæmdir sem eigi við aðalskipulag Hafnarfjarðar, þ.e.:

- *Styrking flutningskerfis raforku frá Hellisheiði í Hafnarfjörð þegar gert er ráð fyrir niðurrifi núverandi lína (Hamraneslína 1 og 2).*
- *Lega Lyklafellslínu 1.*
- *Lega Suðurnesjalínu 2.*

¹ <https://www.landsnet.is/library/Skiol/FramkvAemdir/H%C3%A1spennul%C3%ADnur-A%C3%B0g%C3%A1t-skal-h%C3%B6f%C3%B0.pdf>

² [Þingsályktanir 26/148 og 11/144.](#)

Landsnet tekur undir að þessar framkvæmdir eigi við aðalskipulag Hafnarfjarðar. Ásamt Suðurnesjalínu 2 er í Kerfisáætlun Landsnets gert ráð fyrir því að færa flutningskerfið fjær byggðinni með byggingu Lyklafellslínu 1 og að í kjölfarið er gert ráð fyrir niðurrifi Hamraneslína. Landsnet bendir á að einnig er gert ráð fyrir í kjölfar framkvæmda við Lyklafellslínu 1 og niðurrif Hamraneslína verður hægt að ráðast í:

- Ísallínu 3
- Niðurrif Ísallínu 1 og 2

Framangreindar framkvæmdir eru liðir í því að draga smátt og smátt úr vægi tengivirkis í Hamranesi og byggja upp tengipunkt í nýju tengivirki í Hrauntungum og færa meginþunga tenginga þangað, sbr. gildandi aðalskipulag Hafnarfjarðar. Mikilvægt er að endurskoðað aðalskipulag geti rúmað þau framtíðaráform.

Fyrir liggur mat á umhverfisáhrifum á Suðvesturlínum³ sem lauk með álit Skipulagsstofnunar í september 2009⁴. Í kjölfar dóma og úrskurða vegna Suðvesturlína vinnur Landsnet nú að nýju umhverfismati fyrir Lyklafellslínu 1 en í fyrra umhverfismati var þessi tenging nefnd Sandskeiðslína 1. Umhverfismatið tekur einnig til Ísallínu 3 og niðurrifs Hamraneslína 1 og 2 og Ísallína 1 og 2. Verkefnið er á undirbúningsstigi og er kynningu á tillögu að matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum þessarar framkvæmdar nýlega lokið⁵ og vinnur Landsnet nú að viðbrögðum við ábendingum sem bárust.

Í umhverfismati fyrir Suðvesturlínur frá 2009 var einnig gert ráð fyrir Suðurnesjalínu 2 og Búrfellslínu 3 en fallið hefur verið frá áætlun um þá síðarnefndu. Nýtt mat á umhverfisáhrifum fyrir Suðurnesjalínu 2 milli Hafnarfjarðar og Rauðamels í landi Grindavíkur⁶, liggur nú fyrir en því lauk með álit Skipulagsstofnunar í apríl 2020.⁷ Unnið er að frekari undirbúningi Suðurnesjalínu 2 í samræmi við niðurstöður umhverfismatsins og álit Skipulagsstofnunar.

Landsnet leggur áherslu á að skipulagið taki mið af þessum áformum.

Landsnet óskar þess að fá til umsagnar vinnslutillögu sem og skipulagstillögu á auglýsingartíma hennar.

Virðingarfyllt

Einar S. Einarsson
framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs

³ <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/536/Su%C3%B0vesturl%C3%ADnur%20-%20Matssk%C3%BDrsla.pdf>

⁴ <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/535/2009040032.pdf>

⁵ <https://www.skipulag.is/skipulagsstofnun/mal-i-kynningu/safn/lyklafellslina-1-og-isallina-1>

⁶ https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1489/Matsskyrsla-SN2_200109-milliblod.pdf

⁷ <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1522/201901126.pdf>

Undirritunarsíða

Einar Snorri Einarsson